

Kópavogsbær
Fannborg 4
200 KÓPAVOGUR

Garðabær, 18. september 2023
Málsnúmer: 202308-0004
SS

Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi á Fossvogsbú.

Við er í sameiginlega umsagnarbeiðni frá skipulagsfulltrúum Kópavogsbæjar og Reykjavíkur sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 27. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á gildandi deiliskipulagi um brú yfir Fossvog.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um deiliskipulagið þann 8. janúar 2019. Í þeirri umsögn kom fram að ekki væri gerð athugasemd við staðsetningu brúarinnar en bent var á mikilvægi og verndargildi Skerjafjarðar í heild þ.m.t. Fossvogar, einkum vegna fuglalífs. Þá var bent á að rannsaka þyrfti vel þau svæði þar sem landfyllingar væru áætlaðar til að geta fullyrt um að brúin muni ekki hafa nein áhrif á náttúrulega strandlengju. Þá þyrfti að tryggja að í deiliskipulaginu fælust skilmálar sem kveða á um að full vatnsskipti í Fossvogi séu tryggð.

Stofnunin veitti einnig umsögn til Skipulagsstofnunar, þann 22. janúar 2020, um matsskyldu framkvæmdarinnar. Ekki var talið líklegt að framkvæmd við brúna myndi valda umtalsverðum umhverfisáhrifum á lífríki eða jarðminjar en töluverð á landslag. Bent var á að mikilvægt væri að skoða heildaráhrif framkvæmdarinnar ásamt öðrum áformuðum framkvæmdum einkum landfyllingu rétt vestar í Skerjafirði en Náttúrufræðistofnun hefur ítrekað gert athugasemdir við þau áform vegna áætlaðs rasks á ósnortnum fjörusvæðum. Ósnortinni strandlengju yrði þó hlíf við framkvæmd þeirra landfyllinga sem tengjast brúarsmíðinni, sem og áhugaverðum jarðminjum t.a.m. í Kýrhamar nálægt Nauthólsvík. Í tilkynningunni kom jafnframt fram að hönnun brúarinnar ætti að tryggja full vatnsskipti.

Nú er til kynningar breyting á gildandi deiliskipulagi. Breytingin felur ekki í sér breytingu á stærð brúarinnar en lítilsháttar breyting er á staðsetningu. Planlega brúarinnar hliðrast um 12 metra vestar í Kópavogi og um 30 m austar í Reykjavík. Fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að það muni draga úr fyllingarmagni norðan Fossvogsbúar en uppdrættirnir bera það ekki með sér og virðist frekar sem landfyllingin sé stærri en í gildandi deiliskipulagi. Þetta þarf að útskýra betur. Þá er tekið undir ábendingar Umhverfisstofnunar í umsögn þeirra frá 5. september 2023, um að almennt vanti betri upplýsingar um stærð og efnisþörf landfyllingarinnar og uppruna efnis.

Að öðrum kosti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllt

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

